

# GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN

Bekkjarnámskrá  
2019-2020



## 9. bekkur

Umsjónarkennarar: Anna Júlíusdóttir & Garðar Geirfinnsson

Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Skólastjóri: Ólína Þorleifsdóttir [olina@olfus.is](mailto:olina@olfus.is)

Aðstoðarskólastjóri: Jónína Magnúsdóttir [jonina@olfus.is](mailto:jonina@olfus.is)

## Efnisyfirlit:

Viðmiðunarstundaskrá .....	3
Íslenska .....	4
Stærðfræði .....	6
Náttúrugreinar.....	8
Samfélagsgreinar.....	10
Enska.....	12
Danska .....	14
Íþróttir .....	16
Sund.....	18
Heimilisfræði .....	20
Myndmennt.....	22
Hönnun og smíði/málmsmíði .....	24
Textílmennt .....	26
Valgreinar .....	28
Smiðjur .....	29

## Viðmiðunarstundaskrá

Ætlast er til þess að nemendur fái ákveðið margar kennslustundir á viku í hverri námsgrein. Hér að neðan er áætlaður kennslustundafjöldi nemenda í 9. bekk. Hver kennslustund er 40 mínútur:

Kennslugrein	fjöldi
Íslenska	5
Stærðfræði	5
Náttúrufræði	3
Samfélagsfræði og lífsleikni	5
Enska	4
Danska	3
Íþróttir og sund	3
Smíði/málsmíði	1
textíl	1
Valgreinar	7
<b>Samtals</b>	<b>37</b>

# Íslenska

## Magnþóra Kristjánsdóttir & Sigprúður Harðardóttir

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Í 8.-10. bekk er kennt sem mest í anda heildstæðrar móðurmálskennslu. Mismunandi þættir móðurmálsins eru kenndir í tengslum hver við annan eftir því sem aðstæður og námsefni gefa tækifæri til. Á þessu stigi eru gerðar auknar kröfur um skilning nemenda á grunnhugtökum málfraði og bókmennta, án þess þó að hugtakanámið sé markmið í sjálfu sér. Áfram verður reynt að skapa jákvætt viðhorf nemenda til móðurmálsins og lögð áhersla á að nemendur temji sér vandaða meðferð þess. Fram fer þjálfun í framburði og framsögn, nemendur vinna markvisst að ritun og stafsetningu og fá tækifæri til að nýta tölvutæknina bæði til upplýsingaöflunar og miðlunar. Lögð er áhersla á innihaldsrík viðfangsefni sem tengjast hvers konar textum, málnotkun fjölmiðla og málefnum líðandi stundar. Í kjölfar þjóðarsáttmála um læsi verður leitast við að auka lestur og jákvætt viðhorf til hans, m.a. með heimalestri á öllum skólastigum og fleiri lestrarstundum í skóla.

# Íslenska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Neistar.</li> <li>- Með fjaðrabliki.</li> <li>- Málið í mark – óbeygjanleg orð.</li> <li>- Málfinnur.</li> <li>- Skriffinnur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði með raddstyrk sem hæfir aðstæðum og tileinkað sér viðeigandi talhraða, fas og tjáningu.</li> <li>- Geti tekið þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði.</li> <li>- Geti farið eftir samskiptareglum, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi.</li> <li>- Geti komið fram, tjáð eigin skoðanir fyrir framan hóp og tekið þátt í rökræðum.</li> <li>- Kynnist íslenskri dægurmenningu s.s. kvikmyndum, sjónvarpsefni og bókmenntum.</li> </ul>	Nemendur vinna í lotum þar sem tekist er á við mismunandi þætti íslenskunnar. Notast er við ýmsar kennsluaðferðir:
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Mýrin.</li> <li>- Hrafnkelssaga.</li> <li>- Aðrar kjörbækur.</li> <li>- Smásögur.</li> <li>- Orðabók.</li> <li>- Samheita-orðabók og orðtakabækur.</li> <li>- Annað ítarefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Öðlist jákvætt viðhorf til lestrar og átti sig á mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.</li> <li>- Geti lesið fjölbreyttan texta með góðum hraða og skilningi og beitt mismunandi lestraraðferðum s.s. skimun, ítarlestri, gagnvirkum lestri o.fl.</li> <li>- Geti valið og lesið texta við hæfi, sér til gagns og gamans.</li> <li>- Geti beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði og kannist við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð.</li> <li>- Geti endursagt texta í aðalatriðum, skriflega eða munnlega og gert grein fyrir upplifun sinni.</li> <li>- Geti beitt hugtökum í bragfræði eins og rími, ljóðstöfum, hrynjandi og líkingum.</li> <li>- Geti lesið úr skýringarmyndum, kortum og myndritum og túlkað þær.</li> <li>- Geti leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum á gagnrýnninn hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Bein kennsla.</li> <li>- Heimildavinna.</li> <li>- Lausnaleitarnám.</li> <li>- Leitarnám.</li> <li>- Samvinnunám.</li> <li>- Hugstormun.</li> <li>- Umræður og spurningar.</li> <li>- Ítarnám.</li> <li>- Lesið, spurt og spjallað.</li> </ul>
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti skrifað skýrt og læsilega af öryggi með persónulegri rithönd.</li> <li>- Geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti með ýmsum stílbrögðum og nýtt sér orðabækur og önnur hjálpargögn.</li> <li>- Geti beitt helstu atriðum sem áður hafa verið lögð inn í stafsetningu og greinamerkjasetningu af nokkru öryggi.</li> <li>- Getu nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta.</li> <li>- Geti skrifað texta í tölvu og beitt helstu aðgerðum í ritvinnslu, skráð og vísað til heimilda, þjálfist í uppsetningu og frágangi á texta.</li> <li>- Geti með skrifum sínum haft ákveðinn lesanda eða lesendahóp í huga.</li> </ul>	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti leikið sér með tungumálið á mismunandi og viðeigandi hátt og hafi skilning á gildi þess að bæta það.</li> <li>- Þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein, beinni og óbeinni ræðu.</li> <li>- Þekki uppflattimyndir orða til að leita í orðabókum og gagnabrunnum.</li> <li>- Geti notað algeng orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli, þekki víðtæk orð og sértæk, samheiti og andheiti, margræðni, nýyrði og tökuorð.</li> <li>- Geti beitt málfræðihugtökum til að ræða um málið.</li> <li>- Þekki samsett orð, ósamsett, orðhlutar; rót, stofn, viðskeyti, forskeyti, beygingarendingar, afleidd orð.</li> <li>- Þekki i-hljóðvarp, u-hljóðvarp, klofningu, hljóðskipti.</li> <li>- Þekki einhljóð, tvíhljóð og atkvæði.</li> <li>- Þekki beygingarleg og merkingarleg einkenni orðflokka.</li> </ul>	
Matsþættir	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Námsmat byggist á verkefnavinnu, yfirferð á vinnubókum og verkefnum, sjálfsmati, jafningjamati og umsögnum kennara.</p> <p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið.</p>		

# Stærðfræði

Ingvar Jónsson & Herdís Ragnhildur Einarsdóttir

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður. Verkefni hennar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hún er þannig ein af mikilvægum leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag. Samfélag okkar og nýsköpun innan þess einkennist af kerfum sem byggjast á nýtingu stærðfræðinnar. Hæfni í stærðfræði er því forsenda læsis og sköpunar á flestum sviðum.

Hugtök				
Talnareikningur	Föll	Mál og mælieiningar	Rúmfræði og útreikningar	Líkur og talningafræði
Veldi með negatífum veldisvísimum. Tölur á staðalformi. Óræðar tölur. Ferningsrætur Prósentustig Meira en 100 prósent	Fall og breyta. Mismunandi framsetningar falla (töflur, gröf, formúlur, texti, $f(x)$ ). Línuleg föll, hallatala og fasti. Topp- og botnpunktar. (hæsta og lægsta gildi). Föll og gröf sem stærð. Fræðilíkön.	Námundun og markverðir tölustafir. Hlutfallareikningur. Tímaúteikningar. Reikningur með samsettum einingum.	Dlatarmál og ummál Rúmfræði hrings. Fleiri rúmfræðilegir staðir. Þrívíddarrúmfræði, eiginleikar og einkenni rúmfræðiforma.	Vennmynd, sammengi, sniðmengi og fyllimengi. Líkindareikningur með talningu. Krosstöflur og líkindatré. Lögmál stórra talna. Umraðanir, að draga hluti með eða án endurtekningar.

## Stærðfræði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Tölur og Reikniaðgerðir	- Almenn stærðfræði 1- 3. - Átta-tíu. - Skali.	- Borið saman og breytt tölum, sem eru á forminu heilar tölur, tugabrot, almenn brot, prósent, prómill og á staðalformi, úr einu forminu í annað, táknað slíkar tölur á mismunandi vegu og metið við hvaða aðstæður hin mismunandi form eigi við. - Reiknað með almennum brotum, framkvæmt deilingu með almennum brotum og einfaldað brot. - Notað þætti, veldi, ferningsrætur og frumtölur í útreikningum.	- Innlagnir. - Lausna-leitarnám. - Leitarnám. - Hugarkort.
Tölfræði og líkindi	- Leiknihefti. - Efni frá kennara. - Rasmus.is. - Annað efni af veraldarvefnum.	- Búið til föll sem lýsa tölulegum tengslum og aðstæðum úr daglegu lífi, með og án stafrænna verkfæra, lýst þeim og túlkað þau og breytt föllum, sem sett eru fram í formi grafa, taflna, formúlna og texta, úr einu forminu í annað. - Þekkt og notað eiginleika hlutfallsfalla, falla í öfugu hlutfalli hvort við annað, línulegra falla og 2. stigs falla og nefnt dæmi úr daglegu lífi sem hægt er að lýsa með þessum föllum.	- Samvinnunám. - Hugstormun. - Umræður, rökræður og spurningar.
Rúmfræði og mælingar		- Reiknað með slumpreikningi og reiknað af nákvæmni lengd, ummál, horn, flatarmál, yfirborðsflatarmál, rúmmál, tíma, hraða og eðlismassa, svo og notað og breytt mælikvarða. - Valið viðeigandi mælieiningar, útskýrt tengsl og breytt úr einni mælieiningu í aðra, notað og metið mælitæki og mælingaraðferðir við raunverulegar mælingar og rökrætt um nákvæmni og ónákvæmni mælinga.	- Ítarnám. - Lesið, spurt og spjallað.
Algebra		- Rannsakað og lýst eiginleikum og einkennum tví- og þríviðra mynda og forma og notað þau í tengslum við rúmfræðiteikningar og útreikninga. - Gert, lýst og fært rök fyrir rúmfræðiteikningum með hringfara og reglustiku og með rúmfræðiforriti. - Reiknað með slumpreikningi og reiknað af nákvæmni lengd, ummál, horn, flatarmál, yfirborðsflatarmál, rúmmál, tíma, hraða og massa, svo og notað og breytt mælikvarða. - Valið viðeigandi mælieiningar, útskýrt tengsl og breytt úr einni mælieiningu í aðra, notað og metið mælitæki og mælingaraðferðir við raunverulegar mælingar og rökrætt um nákvæmni og ónákvæmni mælinga. - Gert grein fyrir tölunni $\pi$ ( $\pi$ ) og notað hana í útreikningum á ummáli, flatarmáli og rúmmáli.	
		- Fundið og rökrætt um líkur í tilraunum, hermilíkönum og útreikningum í verkefnum úr daglegu lífi og í spilum. - Lýst útkomumengi og sagt til um líkur með almennum brotum, prósentum og tugabrotum. - Rökrætt og leyst einföld talningarfræðiverkefni.	
Matsþættir	Notast er við frammistöðumat, leiðsagnarmat, sjálfsmat og jafningjamat og unnið eftir matsviðmiðum 8. – 10. bekkjar í aðalnámskrá grunnskólanna. Einkunnir eru einungis gefnar á lokamati í júní og þá er gefið í bókstöfum. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		



# Náttúrugreinar

Garðar Geirfinnsson

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða.

Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Nemendur þurfa að átta sig annars vegar á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafli og sköpun og hins vegar, að vísindaleg þekking er aldrei algild, endanleg eða óbyggjandi. Nemandi þarf að fá tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita athygli, afla, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum en jafnframt að treysta á forvitni sína, til að þetta takist.

Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru.

## Hugtök

Að búa á jörðinni	Lífsskilyrði manna	Náttúra Íslands	Heilbrigði umhverfisins	Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu
Náttúruvernd	Vistkerfi	Ljóstíllifun	Auðlindir	Segull
Friðun	Búsvæði	Brensla	Jafnvægi/nýting	Rafmagn Rafsegulsvið
Útrýming	Skýrslugerð	Fæðupýramídi	Hringrásir efna /vatns	Amper
Líffræðilegur	Flokkun lífvera	Vistkerfi	Ljóstíllifun	Volt
fjölbreytileiki	Plöntufrumur	Fæðuvefur	Flokkun	Wött
Þróun	Dýrafrumur	Fæðukeðja	Vélar	Innrigerð frumeindar
Hafstraumar	Innri gerð frumna	Einkenni lífvera	Kraftar	Hljóðbylgjur
Veður	Flokkunarfræði	Einfrumungar	Endurnýting	Ljósbyglur
Varmi	Grunnþarfir lífvera	Fjölfurumungar	Endurvinnsla	Frumkvöðlar
Massi	Almannavarnir	Þróun	Endurnotkun	Nýsköpun
rúmmál	Björgunarsveitir	Aðlögun	Sýklalyfjaónæmi	Vísindamenn
Sjálfbærni	Fjöldahjálparstöð	Atferli	Rannsóknir	Rúmmál
Ytri og innri öfl	Umhverfisvernd	Byggingareiningar	Efnabreytingar	Orka
Veðrun	Náttúruvá	Frumeind	Lotukerfið	Varðveisla orku
Möndulhalli	Grunnvatn	Sameind		Vísindalegar aðferðir
Vetrarbraut	Loftslagsbreytingar	Hamskipti		Tilraunir
Endurnýting	Faraldrar	Leysing		Raungreinastofan
Endurvinnsla	Bólusetningar	Efnahvörf		Erfðafræði
	Líffæraakerfi	Frumefni		DNA
	Næringarfræði	Efnasambönd		Dopplerhrif
	Næring/orka	Ph-gildi		Rauðvik
	Kynþroski	Hæfni dýra		Blávik
	Kynhneigð	Líffélag		
	Kynheilbrigði	Samlífi		
	Kynlíf			
	Sjálfsmynd			
	Átraskanir			
	Forvarnir			

## Náttúrugreinar

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Að búa á jörðinni	- Skali 2A og 2B. - <a href="http://www.rasmus.is">www.rasmus.is</a> .	- Útskýri árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar ástæður og afleiðingar.	- Innlagnir. - Þrautalausnir. - Leitarnám. - Hugarkort. - Samvinnunám. - Hugstormun. - Umræður, rökræður og spurningar. - Ítarnám. - Lesið, spurt og spjallað. - Einn, fleiri, allir. - Talnatal. - Spegluð kennsla.
Lífsskilyrði manna	- Geogebra. - Ýmist efni frá kennara.	- Útskýri hlutverk helstu líffæra og líffærakerfi mannslíkamans, gerð frumna, líffæri þeirra og starfsemi. - Útskýri hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun. - Útskýri hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. - Útskýri hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og ræði eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegur heilbrigði bæði sín og annarra.	
Náttúra Íslands		- Taki dæmi af og útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara.	
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.		- Útskýri mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum. - Útskýri einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns.	
Matsþættir	Símat með ýmsum verkefnum þar sem metin eru matsviðmið fagsins og þeim skilað til nemenda með leiðsagnarmati. Einnig er notast við sjálfsmat, jafningjamat og frammistöðumat.		

# Samfélagsgreinar

Anna Júlíusdóttir & Magnþóra Kristjánsdóttir

Undir samfélagsgreinar á elsta stigi heyra saga og landafræði auk þess sem komið er inn á efni þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Markmið þeirra er að stuðla að skilningi nemenda á viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð í því samhengi. Þeim er einnig ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra sem og útskýra hvernig þessi gæði leiða til margvíslegra skyldna, réttinda og gilda.

## Samfélagsgreinar

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Landafræði	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Um víða veröld.</li> <li>- Styrjaldir og kreppa.</li> <li>- Efni af veraldarvef.</li> <li>- Efni frá kennara.</li> <li>- Myndbönd.</li> <li>- Myndefni.</li> <li>- Fræðibækur.</li> <li>- Annað itarefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinni með öðrum og sýni jákvæðni í samskiptum.</li> <li>- Komi fram við aðra af tillitssemi og kurteisi.</li> <li>- Vinni vel og fari eftir fyrirætlunum.</li> <li>- Sé meðvitaður um mannréttindi, félagslegt réttlæti og jöfnuð.</li> <li>- Skilji og meðtaki mikilvægi sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, auðlindir, samfélag og efnahagslíf.</li> <li>- Útskýri megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.</li> <li>- Greini og fjalli um upplýsingar á kortum, gröfum og annars konar myndum.</li> <li>- Geri sér grein fyrir helstu atvinnuvegum jarðarbúa til þess að átta sig á hvernig náttúran sniðir atvinnulífinu stakk.</li> <li>- Sýni þekkingu á mismunandi svæðum jarðar.</li> <li>- Meti lýðræði, mannréttindi og jafnrétti í þeim löndum sem til skoðunar eru og beri saman við Ísland.</li> <li>- Þekki til stjórnskipunar og ólíkra stjórnarforma í þeim ríkjum sem til umfjöllunar eru hverju sinni.</li> <li>- Geri sér grein fyrir stöðu umhverfisins og umhverfisógnar í mismunandi ríkjum.</li> <li>- Taki afstöðu til siðferðislegra og samfélagslegra spurninga á mismunandi menningarsvæðum.</li> <li>- Fjalli um ólík lífsskilyrði og þau mörk sem náttúran setur mannum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Innlagnir (smáfyrirlestrar).</li> <li>- Lestur.</li> <li>- Spurt og spjallað</li> <li>- Heimilda- og kvikmyndir.</li> <li>- Einstaklingsvinna, paravinna og hópvinna í litlum hópum.</li> <li>- Upplýsingaöflun og rökræður.</li> <li>- Veggspjöld og kynningar.</li> </ul>
Saga		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinni með öðrum og sýni jákvæðni í samskiptum.</li> <li>- Komi fram við aðra af virðingu og kurteisi.</li> <li>- Vinni vel einn og í samvinnu við aðra og fari eftir fyrirætlunum.</li> <li>- Beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.</li> <li>- Geti á upplýstan hátt fjallað um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, menningu og sögu landsins.</li> <li>- Geri sér grein fyrir hlutverki heimilda og sjónarhorna í sögu og minningum.</li> <li>- Sjái hvernig sagan hefur mótast af mörgum ólíkum þáttum eins og umhverfi, ólíkum samfélögum, þjóðfélagsshreyfingum, viljaverkum og tilviljunum.</li> <li>- Ræði og beri saman ólík trúar- og lífsviðhorf.</li> <li>- Greini hvernig stjórnsmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.</li> <li>- Geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.</li> <li>- Geti gert grein fyrir gangi heimsstýrjaldanna tveggja á 20. öldinni.</li> <li>- Þekki mismunandi hlutskipti þjóða og minnihlutahópa á stýrjaldarárunum.</li> <li>- Þekki til helstu hugmyndastefna sem mótuðu alræðisríki Evrópu framan af 20. öldinni.</li> <li>- Segi frá andófi og andspyrnuhreyfingum.</li> <li>- Þekki til helfararinnar, þjóðarmorða og ofsókna gegn minnihlutahópum í aðdraganda og í síðari heimsstyrjöldinni.</li> <li>- Segi frá hernáminu á Íslandi og áhrifum þess á íslenskt samfélag.</li> <li>- Þekki til sögu dægurmenningar og daglegs lífs á 20. öldinni.</li> <li>- Sýni skilning á orsökum, áhrifum og endalokum kalda stríðsins.</li> <li>- Þekki helstu þjóðmál 20. aldarinnar.</li> <li>- Skoði söguna út frá gildum lýðræðis, jafnréttis og mannréttinda.</li> </ul>	
Matsþættir	<p style="text-align: center;">Leiðsagnarmat og símat fer fram allt skólaárið samofið námi og kennslu. Nemendur vinna stór og smá einstaklings- og hópverkefni sem öll eru hluti af lokamati.</p>		

# Enska

Ragnar Örn Bragason

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lifnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu. Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls. Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum. Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið. Nemendur eiga að fá þjálfun í að vinna saman að úrlausn verkefna og temja sér gagnrýna notkun margs konar hjálparmiðla. Námið þarf að miða að því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, þeir setji sér markmið, ígrundi og meti eigin námsframvindu og greini þar með veikar og sterkar hliðar sínar. Þannig má örva trú nemenda á eigin getu og efla þroska þeirra og sjálfsmynd.

# Enska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Hlustun	- Spotlight 9 - lesbók. - Frjálslestrarbækur. - Kvikmyndir. - Ljósritað efni frá kennara. - Orðabækur.	- Geti skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins. - Geti skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti. - Geti fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og dægurmenningar sem höfðar til þeirra og geta sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. - Geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnulegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.	- Lesbækur. - Vinnubækur. - Hljóðdiskar. - Netmiðlar. - Munnleg verkefni. - Skrifleg verkefni. - Áhersla lögð á málfræði, orðaforða, og tjáningu. - Hópverkefni. - Einstaklingsverkefni.
Lesskilningur		- Skilji megininntak í frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla. - Geti aflað sér upplýsinga úr texta og nýtt sér í verkefnavinnu. - Geti brugðist við og fjallað um efni frásagna. - Geti lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra. - Skilji leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. áhugamál og ferðalög.	
Samskipti og frásögn		- Geti tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. - Geti bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum. - Geti sagt frá reynslu sinni, framtíðaráformum og eigin skoðunum. - Geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. - Geti flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu. - Geti átt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda. - Geti notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum.	
Ritun		- Geti skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda. - Geti sýnt fram á nokkur tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar og fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta. - Geti skrifað um það sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið um. - Geti tjáð skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. - Lýsi í einföldu máli, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi. - Geti samið frumsaminn texta.	
Menningarlæsi		- Geri sér grein fyrir að enska er töluð í ólíkum menningarheimum. - Sýni fram á að hann þekki til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttar og þekkra staða. - Greini á milli enskrar tungu sem töluð er í Bretlandi og Bandaríkjunum.	
Námshæfni		- Vinni sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn ásamt því að taka tillit til þess sem aðrir hafa að segja. - Nýti sér helstu hjálpartæki, s.s. orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, leitarvél, efni úr fjölmiðlum og itarefni. - Geti tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu. - Geti beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan og gagnrýninn hátt. - Taki þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.	
Matsþættir	Námsmat byggist á kaflaprófum, munnlegum prófum, ritunum, bókaskýrslu, þemaverkefnum og virkni og vinnu í kennslustundum. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

# Danska

Anna Júlíusdóttir og Sigbrúður Harðardóttir

Danska er kennd vegna samskipta og menningartengsla við aðrar norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra og menningu. Menningararfurinn er sameiginlegur og tungumálin eru af sömu rót sprottin. Samfélagsgerð þjóðanna byggir á sömu gildum og grundvallast á lýðræði, samvinnu og jafnrétti. Ímynd Norðurlandanna er sterk á alþjóðavettvangi og með það í huga er norræn samvinna mikilvæg til að styrkja samnorræna ímynd og samkennd.

Tilgangurinn með dönskukennslu á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum.

## Danska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Hlustun	- Tak - Tak vinnubók B - Smil. - Smil vinnubók A. - Lestrarbækur.	- Skilji talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og dagleg líf þegar talað er skýrt og áheyrilega. - Skilji í meginatriðum samtöl og viðtöl af ýmsum toga um efni tengt daglegu lífi og nýti sér í ræðu og riti. - Fylgi þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og geti sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.	- Bein kennsla. - Leitarnám. - Umræður. - Hlustun. - Ritun. - Þemavinna.
Lesskilningur	- Verkefni. - Málfræði-hefti. - Hvað siger du? (hlustun). - Kvikmyndir og sjónvarpsþættir	- Lesi sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beiti mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum. - Skilji megininntak í aðgengilegum frásögnum fjölmiðla og bregðist við og fjallað um efni þeirra.	
Samskipti	- Tónlist. - Ítarefni.	- Sýni fram á nokkra samræðuhæfni um þekkt efni, beiti máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi. - Skilji og noti algeng dagleg orðasambönd, viðeigandi kurteisivenjur og geri sig skiljanlegan, t.d.með látbragði. - Taki þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. - Bjargi sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, veitingastöðum og á ferðalögum.	
Frásögn		- Tjái sig um það sem viðkemur daglegu lífi og því sem stendur honum nærri. - Greini frá og lýsi atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv. - Flytji einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu.	
Ritun		- Skrifu samfelldan texta um þekkt efni, beiti grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýni fram á allgóð tök á daglegum orðaforða, skapi samhengi í textanum og noti til þess algengustu tengiorð og greinarmerki. - Segi nokkuð lipurlega frá og bregðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. - Lýsi atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.	
Menningarlæsi		- Sýni fram á þekkingu og skilning á lykileinkennum í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og geti sett sig í þeirra spor. - Sýni fram á skilning á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Kaflapróf úr námsefni, verkefni í bókmenntum og vinnubækur metnar. Hlustunarverkefni og talæfingar metnar jafnt og þétt allan veturinn. Samvinna - sjálfstæði í vinnubrögðum – áhugi - ástundun og viðleitni metið jafnóðum við alla vinnu. Þema- og hópverkefni metin og sjálfsmati beitt við ákveðin verkefni.		



# Íþróttir

Anna Júlíusdóttir og Garðar Geirfinnsson

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmýnd hvers einstaklings.

Á unglíngastigi er nauðsynlegt að tengja skólaíþróttir í auknum mæli við fræðilega umfjöllun um markvissa ástundun heilsuræktar og hollra lífshátta, og þjálfa nemendur í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þjóða skal nemendum fjölbreytta þjálfun sem nær til alhliða heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina og gera þá sem mest sjálfstæða við eigin þjálfun. Þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitssemi kemur á þessu aldurskeiði sem sérstök áhersla í hópleikjum og í umræðum um samfélagsleg og siðferðisleg málefni, staðalímyndir og kynímyndir. Áhersla í skólasundi skal lögð á þátt upplifunar nemenda. Þjóða skal nemendum fjölbreytta sundtíma þar sem vatnið er notað til alhliða heilsuræktar auk ýmissa leikja svo sem sundknattleiks eða annarra bolta- og áhaldaleikja. Þá ættu nemendur að kynnast aðferðum sundþjálfunar og annarra almenningsíþróttar í vatni. Á unglíngastigi skal einnig auka vægi björgunarþátta, troða marvaða, bjarga félaga og synda björgunarsund með félaga.

## Íþróttir

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekki muninn á styrktar- og þolþjálfun.</li> <li>- Öðlist þekkingu á gildi góðrar næringar fyrir líkamann.</li> <li>- Öðlist þekkingu á hinum ýmsu afkastamælingum.</li> <li>- Tileinki sér siðferðileg gildi íþróttanna.</li> <li>- Taki þátt í íþróttagreinum og heilsurækt sem iðkuð er í samfélaginu.</li> <li>- Útbúi eigin æfingaáætlun og fylgt henni.</li> <li>- Nýti sér umhverfið í samfélaginu til útivistar og æfinga.</li> <li>- Stundi daglega hreyfingu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Stöðvahringir.</li> <li>- Hringþjálfun.</li> <li>- Leikir.</li> <li>- Umræður.</li> <li>- Útikennsla.</li> </ul>
Hreyfing og afkastageta		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Átti sig á hlutverki helstu vöðvahópa líkamans í tengslum við þjálfun.</li> <li>- Setji sér skammtíma og langtíma markmið í íþróttum og heilsurækt.</li> <li>- Þekki helstu hugtök í þjálfraði eins og þol, kraft, hraða, liðleika, teygjur, samhæfing, upphitun og niðurlag æfinga.</li> <li>- Viðhaldi kunnáttu sinni um reglur og leikfræði helstu íþróttagreina.</li> <li>- Nýti kunnáttu sína til að virkja samnemendur í leik/keppni.</li> <li>- Framkvæmi af þekkingu æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.</li> <li>- Framkvæmi æfingar sem ná til samhæfingu líkamans.</li> </ul>	
Félagslegir þættir og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekki helstu gildi sem þarf að ástunda til að ná góðum árangri í íþróttum eða heilsurækt eins og ástundun, sjálfsaga og samvinnu.</li> <li>- Geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni.</li> <li>- Leggi sitt af mörkum til að búa til góðan anda innan hóps.</li> <li>- Sýni öðrum virðingu og umburðarlyndi í leik og starfi.</li> <li>- Virði rétt annarra til heilsuræktar.</li> <li>- Fari eftir og virði þær leikreglur sem gilda hverju sinni.</li> <li>- Finni íþrótt eða hreyfingu við sitt hæfi.</li> <li>- Geti upplifað hreyfingu á jákvæðan og skemmtilegan hátt.</li> </ul>	
Öryggi og skipulag		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekki og fylgi eftir helstu öryggis-, skipulags-, og umgengisreglum íþróttamiðstöðva.</li> <li>- Umgangist áhöld og búnað á öruggan hátt.</li> <li>- Skynji og varist áhættusamar aðstæður í íþróttasal.</li> </ul>	
Matsþættir	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Rekja fótbolta á hlaupum milli keila, senda boltann, taka á móti og skjóta á mark.</li> <li>- Rekja körfubolta út fyrir keilu, framkvæma sniðskot, 30 sek (telja hversu oft hitta í körfu). <ul style="list-style-type: none"> <li>- 15 armbeygjur á tám.</li> </ul> </li> <li>- Fimleikasamsetning - handahlaup – arabastökk <ul style="list-style-type: none"> <li>- Píp-test.</li> </ul> </li> <li>- Langstökk án átrennu. <ul style="list-style-type: none"> <li>- Liðleikapróf.</li> </ul> </li> <li>- 60 m spretthlaup. <ul style="list-style-type: none"> <li>- Uppstökk.</li> </ul> </li> </ul> <p>1000 metra hlaup.</p>		

## Sund

Anna Júlíusdóttir

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

Áhersla í skólasundi skal lögð á þátt upplifunar nemenda. Þjóða skal nemendum fjölbreytta sundtíma þar sem vatnið er notað til alhliða heilsuræktar auk ýmissa leikja svo sem sundknattleiks eða annarra bolta- og áhaldaleikja. Þá ættu nemendur að kynnast aðferðum sundþjálfunar og annarra almenningsíþróttá í vatni. Á unglingsstigi skal einnig auka vægi björgunarþátta, troða marvaða, bjarga félaga og synda björgunarsund með félaga.

## Sund

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Öðlist þekkingu á mikilvægi þrifnaðar eftir íþróttaiðkun.</li> <li>- Sé fær um að nýta sér og sækja sér góðar upplýsingar um heilsu og velferð.</li> <li>- Greini á milli mismunandi sundtaka.</li> <li>- Öðlist bæði þekkingu og reynslu til að sýna helstu sundtök.</li> <li>- Öðlist þekkingu á grunnatriðum björgunarsunds.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tæknipjálfun.</li> <li>- Sýnikennsla.</li> </ul>
Hreyfing og afkastageta		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tengir hlutverk hjarta-, æða-, og taugakerfis við sundiðkun.</li> <li>- Geri sér grein fyrir aflfræði mismunandi sundaðferða.</li> <li>- Geri sér grein fyrir réttri líkamslegu í sundi.</li> <li>- Nái valdi á undirstöðuatriðum ólíkra sundgreina.</li> <li>- Nýti sér sundkunnáttu og leikni til að stunda sund á eigin forsendum.</li> </ul>	
Félagslegir þættir og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Hafi umburðarlyndi og skilning gagnvart bekkjarfélögum.</li> <li>- Viðhafi jákvæð og góð samskipti ofan í lauginni.</li> <li>- Virði starfsfólk sundstaða og fari eftir reglum.</li> <li>- Þekki og virði þær “umferðarreglur” sem gilda á sundbrautum.</li> <li>- Öðlist jákvætt viðhorf til sundkennslu og sundiðkunar.</li> </ul>	
Öryggi og skipulag		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skynji og varist áhættusamar aðstæður í sundlaug.</li> <li>- Umgangist áhöld og búnað sundstaða á öruggan hátt.</li> <li>- Umgangist sundstað á öruggan hátt.</li> <li>- Sýni öryggis- og umgengisreglum skilning og fari í hvívetna eftir þeim.</li> <li>- Geri sér grein fyrir þeim hættum sem upp geta komið ef óvarlega er farið.</li> </ul>	
Matsþættir		<p style="text-align: center;">Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- 500 m frjáls aðferð viðstöðulaust.</li> <li>- Skriðsund – stílsund.</li> <li>- Bringusund – stílsund.</li> <li>- Baksund – stílsund.</li> <li>- 10 m kafsund – stíll.</li> </ul> <p style="text-align: center;">- Stunga af bakka, 50 m fatasund þar af 8-10 m kafsund, troða marvaða og afklæðast á sundi.</p>	

# Heimilisfræði

Emma Katrín Garðarsdóttir

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Námsgreininni er m.a. ætlað að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, góðu heilsufari, neytendavitund og verndun umhverfis. Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og leikni í heimilistörfum þar sem þættir eins og næringarfræði, matreiðsla og hreinlæti tengjast. Opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) um mataræði og næringu eru hafðar til hliðsjónar við kennslu í heimilisfræði.

## Heimilisfræði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Gott og gagnlegt 3.</li> <li>- Næring og lífshættir.</li> <li>- Ítarefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tjái sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og áttað sig á ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari.</li> <li>- Greini aðalatriði næringarfræðinnar og tjái sig um gæði, geymslu og aukefni í matvælum.</li> <li>- Fari eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Verklegar æfingar.</li> <li>- Sýnikennsla.</li> <li>- Lesið.</li> <li>- Spurt og spjallað.</li> <li>- Einstaklingsvinna.</li> <li>- Hópvænna.</li> <li>- Paravænna.</li> <li>- Bókleg kennsla.</li> </ul>
Matur og vinnubrögð		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Beiti helstu matreiðsluaðferðum og noti til þess ýmis mæli- og eldhúshöld.</li> <li>- Greini frá viðbrögðum við slysum á heimilum.</li> </ul>	
Matur og umhverfi		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skilji og ræði mismunandi umbúðamerkingar.</li> <li>- Meti gæði og meðferð matvæla.</li> <li>- Tengi viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og átti sig á uppruna helstu matvæla.</li> </ul>	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

# Myndmennt

Anna Margrét Smáradóttir

Allir hlutir og öll verk byrja með hugmynd sem ekki verður virk nema henni sé miðlað á einhvern hátt. Í myndmennt er unnið með alla miðla sjónlista þar sem hugmyndum er fundinn farvegur. Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflið. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins. Myndmennt er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvægt ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum s.s. í teikningu, málun, mótun, þrykki klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, horfa á og njóta og greina list stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list á sama tíma að þeir þrói með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum og möguleikum hans. Með markvissri myndmennt er hægt að viðhalda og þróa þann hæfileika sem börn nota frá unga aldri, að segja sögu myndrænt. Til þess að þróa þann hæfileika verða kennarar að veita nemendum tækifæri til að taka áhættu til að stuðla að þróun skapandi hugsunar og ímyndunarafls.

Á unglingsstigi er áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda á grundvelli þess listnáms sem lokið er. Ef nemandi velur sér myndlist sem valgrein (á við 9. og 10. bekk) Gerðar eru meiri kröfur um sjálfstæð vinnubrögð við sköpun, túlkun og tjáningu en áður hefur verið gert.

## Myndmennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Myndmennt	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnishorn.</li> <li>- Myndlista- bækur.</li> <li>- Netíð.</li> <li>- Vinnu lýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti valið á milli mismunandi aðferða í sköpun, prófað sig áfram og unnið með hugmyndir í fjölbreytta miðla.</li> <li>- Geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni.</li> <li>- Geti skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta.</li> <li>- Geti gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.</li> <li>- Geti túlkar listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu.</li> <li>- Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi.</li> <li>- Geti greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Verklegar æfingar.</li> <li>- Umræðu- og spurnaraðferðir.</li> <li>- Útlistunarkennsla.</li> <li>- Jafningakennsla.</li> <li>- Hópvinnubrögð.</li> <li>- Sýnikennsla.</li> <li>- Sköpun.</li> <li>- Leikir.</li> </ul>
Matsþættir	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Umsagnir miðast við getu hvers og eins. Verkefnin eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu.</p>		



## Hönnun og smíði/málmsmíði

Torfi Hjörvar Björnsson/Gestur Áskelsson

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf. Í verkgreinum fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunarafli sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verklegri færni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju.

Markmið verkgreina hefur bæði verið að undirbúa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska nemenda. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur bæði skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu.

Kennsla verkgreina eru liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og eru einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann á markvissan hátt þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

## Hönnun og smíði/málmsmíði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Handverk	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Ýmsar handbækur og blöð.</li> <li>- Vefsíður.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Velji sér verkefni sem hæfir þeirra getu og kunnáttu.</li> <li>- Velji aðferðir, efni og verkfæri sem hæfa viðfangsefni og noto á öruggan hátt.</li> <li>- Noti mælitæki á réttan hátt, s.s. tommustokk, málband, vinkil.</li> <li>- Skili vönduðu verkefni.</li> <li>- Átti sig á mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnikennsla í hóp.</li> <li>- Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu.</li> <li>- Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín.</li> </ul>
Hönnun og tækni		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Útskýri hugmyndir sínar með því að rissa upp vinnuteikningu bæði fríhendis og málsetta frá ýmsum sjónarhornum.</li> <li>- Útbúi verklýsingu.</li> <li>- Vinni sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningum, útbúið efnislista og reikni kostnað.</li> <li>- Framkvæmi flóknari samsetningar s.s. samlímingu, töppun og skráfun.</li> <li>- Kynnist því hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu.</li> <li>- Kynnist áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.</li> </ul>	
Umhverfi		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Noti efni úr nærumhverfi og geri sér grein fyrir kostum þess fyrir umhverfið.</li> <li>- Beiti líkamanum rétt við vinnu sína, noti viðeigandi hlífðarbúnað og viti hvað vinnuvernd er.</li> <li>- Gangi frá verkfærum og áhöldum á réttan hátt.</li> <li>- Sýni góða nýtingu efna.</li> <li>- Geri grein fyrir hvernig hægt er að endurnýta efni.</li> <li>- Geri sér grein fyrir hvort efni séu hættuleg eða ekki.</li> <li>- Greini vistvæn efni frá óvistvænum.</li> </ul>	
Matsþættir	Verkefni metin að verki loknu. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

# Textílmennt

Jóhanna Kristín Aðalsteinsdóttir

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

## Textílmennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 9. bekk Nemandi:	Leiðir
Textíl	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skriflegar vinnulýsingar.</li> <li>- Hannyrðir í 3.-6. bekk.</li> <li>- Ýmsar handbækur og blöð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti tileinkað sér vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og véla.</li> <li>- Geti tekið upp snið og snitt.</li> <li>- Geti gert skriflegar verklýsingar og þjálfist í að fara eftir verklýsingum.</li> <li>- Læri að nýta efni og efnisafganga og endurnýtingu efna.</li> <li>- Þrjóna stærri verkefni sem þau velja sjálf.</li> <li>- Fá að kynnast hekli.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnikennsla í hóp.</li> <li>- Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu.</li> <li>- Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín.</li> </ul>
Matsþættir	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Verkefni metin að verki loknu.</p>		

## Valgreinar

### Jóga

Kennari: Sóley Einarsdóttir

Jóga- og öndunaræfingar, hugleiðsla og slökun geta m.a. dregið úr kvíða, bætt einbeitingu og róað hugann. Jóga eflir persónulega tengingu við okkur sjálf. Í valgreininni munu nemendur gera léttar jóga- og öndunaræfingar, prófa hugleiðslu og í lok hvers tíma er farið í slökun. Einnig verða gerð ýmis verkefni sem tengjast sjálfsmynd, samkennd og þakklæti. Sé jóga stundað reglulega getur það gefið okkur aukinn liðleika og styrk, betri einbeitingu, sterkari sjálfsmynd, gleði og ró.

### Skólakór

Kennarar: Gestur Áskelsson og Sigríður Kjartansdóttir

Hefðbundin kóralög í bland við nýrri tónlist sungin. Nemendur fá tækifæri til að æfa söng í hljóðnema og raddaðan söng.

### Forritun

Kennari: Ingvar Jónsson

Nemendur læra um undirstöðuatriði forritunar og vinna einföld forritunarverkefni. Í forrituninni verður notast við forritin Scratch, Touch develop, Minecraft o.fl. Unnin verða skipulögð og frjálst verkefni í Minecraft sem reyna á sköpun, rýmisgreind og útsjónarsemi.

### Styrktarþjálfun / skólahreysti

Kennari: Ingibjörg S Sæmundsdóttir

Styrktarþjálfun er mikilvægur þáttur í íþróttum og annarri líkamlegri hreyfingu fyrir ungt fólk. Sýnt hefur verið fram á að ávinningur styrktarþjálfunar hjá börnum og unglingum er mikill og má þar nefna jákvæð áhrif á hjarta- og æðakerfi, beinþéttni, andlega þætti og góð langtímaáhrif á heilsu. Valgreinin gagnast öllum nemendum og líka þeim sem vilja undirbúa sig fyrir þátttöku í Skólahreysti.

### Dans

Kennari: Anna Berglind Júlísdóttir

Í dansi verður lögð áhersla á sköpun og freestyle dans. Nemendur semja dansa saman og læra grunnspor í freestyle dansi og nútíma dansi. Hópurinn kemur fram á danssýningu skólans að vori.

### Hugsað um ungbarn

Umsjón: Garðar Geirfinnsson og Jónína Magnúsdóttir

„Hugsað um ungbarn“ er jafnréttis- og forvarnarverkefni ætlað unglingum óháð kyni. Um er að ræða grunnfræðslu til að styrkja foreldra framtíðarinnar í umönnun ungbarna. Fræðslan tekur á ábyrgð, ákvarðanatöku, samskiptum og sjálfsmynd í tengslum við foreldrahlutverkið.

Nemendur fá ungbarnahermi með sér heim og fá reynslu af því að annast „ungbarn“ í 2 sólarhringa. Þeir þurfa að finna út hverjar þarfir ungbarnsins eru. Þessi reynsla felur í sér tækifæri til að læra um umönnun ungbarna, gera mistök og leiðrétta þau án þess að það hafi áhrif á raunverulegt barn.

## Smiðjur

### Ökufræðsla

Kennari: Sigrún Berglind Ragnarsdóttir

Innsýn inn í það sem fylgir bílprófi s.s. umferðarlög, ábyrgð ökumanna, kostnað við að taka bílpróf, eignast og reka bíl.

### Fjármálafræðsla

Kennari: Sigrún Berglind Ragnarsdóttir

Markmiðið er að auka fjármálalæsi nemenda svo þeir verði upplýstari og meðvitaðri neytendur. Skoðaður verður kostnaður við ýmislegt t.d. að vera unglingur í dag, jólahald og ferðalög. Ýmis hugtök verða skoðuð s.l. persónuafsláttur, stéttarfélag, sparnaður og lífeyrisréttindi.

### Hraðlestrarnámskeið og lesskilningur

Kennari: Sigprúður Harðardóttir

Áhersla lögð á lestrartækni til að auka hraða í lestri. Einnig verður lesskilningur eflur. Ýmsir textar og verkefni lögð fyrir.

### Nýsköpun og frumkvöðlafræði

Kennari: Guðlaug Einarsdóttir

Heimurinn er fullur af áskorunum sem bíða þess eins að við leysum þær á skapandi, skemmtilegan og hugmyndaríkan hátt. Í nýsköpun og frumkvöðlafræði förum við í svokallaða „uppfinningaferð“ og lærum vinnsluferli í anda nýsköpunar. Finnum hugmyndir að einhverju sem gæti bætt lífið okkar, gert heiminn að betri stað eða finnum upp eitthvað glænýtt og skemmtilegt. Þitt áhugasvið ræður ferðinni og þú vinnur því með þínar eigin hugmyndir, útfærir og hagnar eftir þínu höfði.

### Gönguferð frá fjöru til fjalls

Kennari: Bjarni Rúnar Lárusson

Lögð verður áhersla á hreyfingu utandyra. Farið verður í lengri og styttri göngur t.d. í Reykjadal, Geitafell og í fjöruferð. Að auki verður áhersla á sund og hjólaferðir. Nemendur þurfa að eiga gönguskó og hafa aðgang að reiðhjólum. Þá verður nemendum kynnt hvaða búnaður og reglur eiga við í fjallgöngum, hjólaferðum o.s.frv.

### Boltagreinar

Kennari: Bjarni Rúnar Lárusson

Farið verður yfir allar helstu boltagreinar sem spilaðar eru hér á landi. Reglum og grunnatriðum greinanna verða gerð góð skil svo nemendur öðlist dýpri skilning á íþróttinni og geti beitt sér rétt í leik.

### **Kvikmyndarýni**

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Skoðaðar verða nokkrar tegundir kvikmynda frá ýmsum tímum og þær greindar og unnin um þær verkefni. Farið yfir mismunandi stefnur í kvikmyndagerð og hvernig kvikmyndir geta haft áhrif á samfélagið.

### **Margmiðlun og snjalltæki**

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Kynning á fjölda forrita sem hægt er að nota í daglegu lífi og námi. Lögð áhersla á að efla hæfileika hvers og eins, skapa, uppgötva, hanna, setja fram nýjar hugmyndir og nýta tæknina á jákvæðan hátt. Læra fjölbreyttar aðferðir við að koma frá sér frambærilegu efni með notkun tækninnar. Nemendur koma með hugmyndir að verkefnum og tengja við sín áhugasvið.

### **Skrautskrift**

Kennari: Sigprúður Harðardóttir

Kennsla í snyrtilegri rithönd og skrautskrift. Unnið verður að ýmsum skreytingaverkefnum t.d. tækifæriskortum, nafnspjöldum og fl. Nemendum verður kennt að nota sniðpenna og ýmis áhöld til þess að skrifa og skreyta með.

### **Lestrarklúbbur**

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Nemendur lesa tvær skáldsögur á önninni - eina íslenska að eigin vali og eina erlenda af lista hjá kennara. Kynna sér höfund bókarinnar og halda lestrardagbók ásamt því að hitta hópinn í hverri viku og ræða um lesturinn.

### **Skapandi skrif**

Kennari: Sigprúður Harðardóttir

Nemendum kennd undirstöðuatriði í persónulegum skrifum og að koma hugsun sinni á framfæri. Skoðuð verða mismunandi form ritaðs máls (smásögur, ljóð, greinar og skrif á samfélagsmiðla) og nemendur reyna að finna sína leið til að tjá sig í rituðu máli. Nemendur miðla skrifum sínum ef þeir eru tilbúnir til þess.

### **Leiklist**

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Leiklistarþjálfun í formi æfinga og leiklesturs til að efla sjálfstraust, virkni, framkomu og leikræna tjáningu. Spunaleikir til að virkja skapandi hugsun og samvinnu í hóp. Stuttir leikþættir æfðir.

### **Mósaik**

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Nemendur öðlast færni í að beita þeim verkfærum sem notuð eru þegar unnið er með mósaik. Nemendur vinna í skissubækur og útfæra hugmyndir sínar. Eitt samvinnu-verkefni verður unnið á tímabilinu, samhliða verkefnum sem nemendur velja sér sjálfir.

## **Leirmótun**

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Nemendur læra grunntækni við meðferð leirs og að forma nytjahluti, lágmyndir og þrívíð verk með mismunandi aðferðum. Þeir fræðast um mismunandi bræðslumark leirtegunda og glerunga, leirlím og réttar aðferðir við þurrkun og frágang.

## **Húsgagnasmíði**

Kennari: Torfi Hjörvar Björnsson

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfra einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Lögð megináhersla á smíði nytsamlegra húsgagna, s.s. stóla, náttborða o.fl. Nemendur koma með hugmyndir eða finna þær á t.d. Pinterest og teikna, hanna og smíða með aðstoð kennara.

## **Tálgað í tré**

Kennari: Torfi Hjörvar Björnsson

Kennd eru grunnatriði við útskurð í tré, beiting útskurðarjarna og viðhald bits í þeim. Kynnt eru efni og áhöld, farið í mikilvægi teikninga og kennt hvernig færa á mynstur af teikningu yfir á tré.

## **Vísindasmiðja**

Kennari: Garðar Geirfinnsson

Hvað gerist þegar við blöndum ólíkum efnum saman? Getum við framleitt rafmagn? Hvernig virkar þurrís? Í Vísindasmiðjunni munum við gera ýmsar tilraunir og rannsóknir sem hjálpa okkur að skilja betur heiminn í kringum okkur og efla áhuga á undrum vísindanna. Kennslan verður að langmestu leyti verkleg.

## **Næring og heilsa**

Kennari: Garðar Geirfinnsson

Vilt þú ná betri árangri í leik og starfi? Hvort sem um er að ræða nám, vinnu eða áhugamál þá skiptir rétt næring og heilbrigðir lífshættir miklu máli.

Farið verður í hvað er æskilegt að við borðum, settur saman ótrúlega bragðgóður en hollur matur, rannsökum hvað er í matnum sem við erum að kaupa auk þess sem við skoðum hvaða áhrif svefn og hreyfing hafa á líf okkar.

## **Ljósmyndun**

Kennari: Ingvar Jónsson

Markmið áfangans er að nemendur læri á ljósmyndavélina sjálfa auk þess að vinna með helstu reglur í uppbyggingu rammans, lýsingu, liti o.fl. í gegnum þemaverkefni sem hæfa áhugasviði nemenda. Notast verður við myndavélar og snjalltæki skólans auk þess sem nemendur geta notað sín eigin tæki. Notast verður við námsefnið Stafræn Ljósmyndun eftir Karl Jeppesen og Marteín Sigurgeirsson.



### **Grafísk hönnun**

Kennari: Ingvar Jónsson

Markmið áfangans er að nemendur öðlist grunnþekkingu og færni í að koma frá sér upplýsingum á sjónrænan hátt. Nemendur fá tækifæri til að nýta tæknina m.a. í tví- og þrívíddar myndvinnslu, plakata og bæklingagerð og hugsanlega þrívíddarprentun. Notast verður við hin ýmsu forrit s.s. Sketchup, Inkscape, Serif o.fl.

### **Vöruhönnun**

Kennari: Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Nemendur kynast hönnunarferlinu frá hugmynd og þangað til þeir eru búnir að fullklára hlut. Nemendur byrja á hugmyndaspjaldi og vinna svo hlutinn út frá því. Hlutir sem hægt er að hanna: Ofnhanski, innkaupapoki, karfa, pennaveski og fl.

### **Spilaval**

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Kynning á spunaspilum eins og D&D o.fl. Spilarar skapa persónurnar eftir settum reglum og nota svo ímyndunaraflið til að stýra þeim í gegnum spil innan marka reglnanna. Byggist á samskiptum á milli spilara. Kynning á fleiri borðspilum og spilum almennt.

### **Litun og þrykk**

Kennari: Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Lýsing: Nemendur kynast ýmsum aðferðum við að lita og þrykkja myndir á efni. Nemendur búa til vinnubók þar sem þeir safna saman verkefnum. Saumuð verður ein flík eða hlutur.

### **Hlaðvarp / veftímarit**

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Í þessu námskeiði kynast nemendur hlaðvarpsforminu ásamt veftímaritsgerð. Nemendur læra að afla sér upplýsinga um ákveðin málefni og miðla sögu með hjálp tónlistar, viðtala og almennrar söguuppbyggingar. Markmið námskeiðsins er að nemendur finni sína rödd og geti miðlað sögum eða upplýsingum á markvissan og skemmtilegan hátt öðrum og sér til ánægju.